

EFTIRLITSSKÝRSLA

Rio Tinto Alcan Straumsvík Hafnarfjörður



Dags eftirlits	30.10.2015	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Rio Tinto Alcan Straumsvík	Fulltrúi UST	Hrönn G. Guðmundsdóttir
Heimili	Straumsvík	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	6804660179	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar Jónsson	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	352084,248 397144,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu var staðfest eitt frávik þar sem að ryk frá löndunarbúnaði súrals mældist yfir mörkum. Nýjar mælingar til að staðfesta úrbætur ryksöfnunarbúnaðarins eru væntanlegar. Unnið er skv. úrbótaáætlun vegna eldra fráviks vegna hávaða við löndun. Rekstraraðili hefur frest til 16. desember nk. að senda nánari áætlun um úrbætur.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á skoðunarferð um verksmiðjuna. Byrjað var á að fara inn í kerskála 1. Rætt var um verklag við skautskipti og rekstur keranna. Rekstraraðili hefur lagt sérstaka áherslu á bætt verklag í rekstri í kerskálum til að mæta hertum kröfum um losun í útblæstri sem taka gildi næstu áramót. Lögð er áhersla á að halda tímanum sem kerin eru opin m.a. við skautskipti í lágmarki. Til viðbótar við eftirlit með útblæstri og daglegt viðhald og vinnu við kerin eru reglulegar skoðunarferðir farnar vikulega um kerskálana til að meta ástand þekjubúnaðar og virkni afsogs frá kerunum.

Þá var farið í stjórnstöð fyrir þurrhreinistöð 2 en endurbætur á þurrhreinistöð 1 og 2 eru á lokastigi. Þýskir aðilar eru væntanlegir í byrjun næsta árs til að yfirfara kvörðun á mælíbúnaði fyrir loftflæði og rykmælingar í virkjunum. Stjórnulaga pokar eru í þurrhreinistöð 1 og 2 og fylgst með þrýstifalli og símælingum í ryki til að meta virknina og hvort skipta þurfi út síupokum. Starfsmenn fá tilkynningar í síma sína m.a. ef símælingar á ryki í skorsteini fara yfir tiltekin mörk. Við endurbætur og stækkun á þurrhreinistöðvunum aukast afköst hreinsivirkisins og afsog af kerum í kerskálunum. Þá var farið upp í þurrhreinistöð 2 og litið á mælíbúnað í reykháfi.

Fylgst var með skautskiptingu í kerskála. Skautskiptingin fer fram með tækjabílum, sem brjóta þekjulagið frá skautinu og hreinsa frá áður en nýju skauti er komið fyrir. Þekjuefninu er svo keyrt í baðefnavinnslu þar sem að það er endurunnið. Rekstraraðili hefur bætt verkferla sem takmarka opnun kera við skautskiptingu.

Að lokum voru flæðigryfjurnar skoðaðar. Gert er ráð fyrir að núverandi gryfja muni fyllast í lok sumars 2016. Rekstraraðili vinnur að tillögu að nýrri staðsetningu á flæðigryfju.

Eftir skoðunarferðina var farið yfir gögn í fundarherbergi í rannsóknarstofunni. Rætt var um endurbætur á ryksöfnunarbúnaði í löndunarkrana, en mælingar á ryki í útblæstri ryksöfnunarbúnaðar mældist yfir mörkum í síðustu mælingum. Búið er að skipta út síuhólkum og skotbúnaði í virkinu en mælingar á ryk í útblæstri voru gerðar í vikunni eftir að eftirlitið fór fram. Ryk í þeim mælingum mældist 28 mg/Nm³ sem er undir starfsleyfismörkum. Þá var rætt um gagnaskil og nánar um aðgerðir við að minnka losun í útblæstri.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Grein 2.4 í starfsleyfi	Ryk frá ryksöfnunarbúnaði í löndunarkrana mældist 1700 mg/Nm ₃ í mælingum í júlí sl. sem er yfir starfsleyfismörkum (50 mg/Nm ₃). Mælingar eftir endurbætur voru gerðar í nóvember þar sem að ryk í útblæstri var komið niður í 28 mg/Nm ³ .

ATHUGASEMDIR

ANNAÐ

Umhverfisstofnun óskaði eftir endurskoðun á áætlun vegna tímabundinnar og varanlegrar rekstrarstöðvunar skv.

grein 1.5 í starfsleyfi en núverandi áætlun er frá árinu 2006. Endurskoðuð áætlun vegna rekstrarstöðvunar var send stofnuninni 25.nóvember sl.

Reykjavík, 01.12.2015

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar umhverfisverndar og örvaðis en sem ekki nefna talist frávik


Halla Einarsdóttir

Halla Einarsdóttir